

Vesturbyggð  
Óskar Örn Gunnarsson  
Aðalstræti  
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 2. júní 2021  
UST202105-120/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Tillaga - Aðalskipulag Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - Flokkun vega í náttúru Íslands**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps er barst 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að flokkun vega í náttúru Íslands innan Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

### **Vegir í náttúru Íslands**

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar. Slík vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á.

### **Vegaskrá**

Á meðfylgjandi korti er vegurinn inn með Vatnsdalsvatni í friðlandinu Vatnsfirði merktur F1 (seinfær en fær almennri umferð að sumarlagi) en F0 (greiðfær, fær almennri umferð að sumarlagi) í bláendann. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að skilgreina veginn allan sem F2.

Umhverfisstofnun bendir á að vegurinn við Holtsfit er merktur sem F1 vegurinn við Holtsvit. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það settur sé skýr rammi um akstur á svæðinu, en samkvæmt loftmyndum er eitthvað um utanvegarakstur. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að leirurnar á svæðinu falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

**Flokkun**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands segir að: „*Vegina skal einnig flokka eftir heimild til notkunar í opna vegi og vegi með takmarkaða notkun. Sé um að ræða veg með tímabundna og/eða takmarkaða notkun skal tilgreint sérstaklega það tímabil sem heimilt er að nota veg og í hvaða tilgangi sé heimilt að nota veginn, s.s. við smalamennsku, veiði, eftirlit og viðhald orku- og veitumannvirkja eða rannsóknir.*“

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar [https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/veginatturuislands\\_v4.pdf](https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/veginatturuislands_v4.pdf)



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson  
sérfræðingur